






Laugarvatn þéttbýli - fyrir breytingu, mkv. 1 : 2.000



Hluti úr aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2000-2022, uppdráttur er ekki í mælikvarða



Laugarvatn Tjaldsvæði - Hluti úr deiliskipulagi, ekki í kvarða

Greinargerð með deiliskipulagsbreytingu:

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Laugarvatns þéttbýli sem samþykkt var 8.11.2012, vegna fyrirhugaðs bálskýli á áningarstað í skóginum. Deiliskipulagsmörk breytast vegna fyrirhugaðra bílastæða við sameiginlega aðkomuveg að skógi, tjaldmiðstöð og tjaldsvæði og þarf því einnig að gera breytingu á deiliskipulagi tjaldsvæðis á Laugarvatni, sem samþykkt var 2.3.2010.

Skógrækt ríkisins efndi á dögnum til samkeppni um útfærslu á áningarstað í skóginum við Laugarvatn, með bálhúsi og salernisaðstöðu. Áhersla var lögð á almennt aðgengi að bálskýlinu og að þar væri jafnframt leiksvæði og aðstaða til útikennslu. Meðfylgjandi breytingar á deiliskipulagi taka mið af vinningstillögu samkeppninnar.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

1. Deiliskipulagsmörk breytast og ná nú að lóðarmörkum tjaldmiðstöðvarinnar, en sameiginlegur aðkomuvegur er að áningarstað (skógi), tjaldmiðstöð og tjaldsvæði.
2. Bílastæði og stæði fyrir rútur og fatlaða eru heimiluð í tengslum við aðkomuveg
3. Nýr akfær stígur heimilaður frá bílastæði að bálskýli, lega leiðbeinandi
4. Lóð mörkuð umhverfis bálskýli ásamt byggingarreit
5. Bálskýli og salerni er heimilað innan byggingarreits, samtals byggingarmagn 170m²

Núgildandi skilmálar:

Hlíðar Laugarvatnsfjalls eru skógræktarsvæði til almennra nota. Nokkur svæði hafa verið skilgreind sérstaklega, s.s. grafreitir, Jónasarlundur og Húnbogalundur sem eru nú þegar komin. Einnig hafa verið skilgreind ný svæði s.s. sleðabrekka og áningarstaðir Skógræktarinnar meðfram stígnum. Staðsetning áningastaðanna er leiðbeinandi á uppdrætti, en þar er heimilt að setja upp borð og bekki, æfingatæki, skýli og leiktæki sem hæfa náttúrulegum aðstæðum ofl. Vernda ber upprunalegt birki- og viðkjarr í hlíðum Laugarvatnsfjalls. Þar er einungis heimilt að ryða fyrir stígum og öðrum minniháttar mannvirkjum sem nýtast sem liður í útivist.

Skilmálar eftir breytingu:

Hlíðar Laugarvatnsfjalls eru skógræktarsvæði til almennra nota. Nokkur svæði hafa verið skilgreind sérstaklega, s.s. grafreitir, Jónasarlundur og Húnbogalundur sem eru nú þegar komin. Einnig hafa verið skilgreind ný svæði s.s. sleðabrekka og áningarstaðir Skógræktarinnar meðfram stígnum. Staðsetning áningastaðanna er leiðbeinandi á uppdrætti, en þar er heimilt að setja upp borð og bekki, æfingatæki, skýli og leiktæki sem hæfa náttúrulegum aðstæðum ofl. Á áningarstað næst bílastæði er heimilt að koma upp bálskýli og salerni með tilheyrandi rotþró og er byggingarmagn þar 170m². Frá áningarstaðnum skal leggja þrelausan stíg að hámarksbýli. Vernda ber upprunalegt birki- og viðkjarr í hlíðum Laugarvatnsfjalls. Þar er einungis heimilt að ryða fyrir stígum og öðrum minniháttar mannvirkjum sem nýtast sem liður í útivist.

Að öðru leyti haldast skilmálar deiliskipulagsins óbreyttir.

Að öðru

Deiliskipulagsbreytingin þessi sem fengið hefur meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 2/6 2014

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Uppsveita bs.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann

Tákn Skýringar

	Deiliskipulagsmörk
	Núv. hús
	Græn svæði - grenndarsvæði
	Hættusvæði - náttúruvæði
	Lóðarmörk
	Stærð lóðar í fermetrum
	Byggingarreitur, hámark
	Bílastæði innan lóðar, lega leiðbeinandi
	Hæðir húsa
	Umferðargata
	Gangbraut yfir umferðargötu
	Gönguleið
	Útivistarstígur
	Reiðstígur
	Rotþró

Breyt. 16. júní 2014. Bílastæði austan við aðkomuveg felld niður skv. bókun sveitarstjórnar 12. júní 2014.

HEITI VERKS:

BLÁSKÓGABYGGÐ
LAUGARVATN - ÞÉTTBÝLI

HEITI TEIKNINGAR:

TILLAGAÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI
ÁNINGARSTAÐUR Í SKÓGINUM

VERKNR. 211-004	MKV. 1 : 2000 Í A3	TEIKNING NR.
TEIKNAD AF: sg	HANNAÐ AF: oh/sg	DAGS. TEIKN. 5. júní 2014
YFIRL. / UNDIRSKRIFT.	TEIKN. BREYTT. 16. júní 2014	